

GREINARGERÐ

MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025

Ritstjórn: Fjármálasvið

KÓPAVOGSBÆJAR

FORSENDUR

LAGAUMGJÖRÐ

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir árið 2025 er lögð fram og unnin skv. fyrirmælum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögunum skal bæjarráð leggja fyrir bæjarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir bæinn. Tillögu að fjárhagsáætlun skal skv. lögunum leggja fyrir bæjarstjórn ekki síðar en 1. nóvember og skal fjalla um tillögurnar á tveimur fundum með a.m.k. tveggja vikna millibili. Lokaafgreiðsla fjárhagsáætlunar skal liggja fyrir í síðasta lagi 15. desember. Ákvörðun um útsvarsprósentu þarf þó að liggja fyrir fyrr og skal senda hana innanríkis- og fjármálaráðuneyti, RSK og Sambandinu fyrir 1. desember ár hvert.

Skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga er fjárhagsáætlun komandi árs bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir. Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun nema með því að fyrst sé lagður fram viðauki við áætlunina og hann samþykktur í bæjarstjórn. Á það við um allar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða. Samkvæmt áliti Reikningsskila- og upplýsinganefndar (númer 2/2012) þýðir tilfærsla milli liða tilfærslu á milli málaflokka.

Því ber að líta á fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar sem fjárveitingu til rekstrar og óheimilt er að víkja frá ákvörðun bæjarstjórnar í þeim efnum.

STEFNUMARKANDI FJÁRHAGSÁÆTLUN

Á árinu 2021 mótaði hvert svið sér stefnu og voru þær samþykktar í bæjarstjórn þann 12.10.2021.

Stefnunum fylgdu aðgerðaáætlanir sviða með mælanlegum markmiðum. Þessar aðgerðir og árangursmælikvarðar voru svo lagðar fram við gerð fjárhagsáætlunar og með hliðsjón af þeim var fjármagni forgangsraðað og bætt við ef þurfa þótti.

Markaði þetta upphaf stefnumarkandi fjárhagsáætlunargerðar hjá Kópavogsbæ.

FJÁRHAGSLEGAR FORSENDUR

Við áætlun tekna bæjarins er stuðst við margvíslegar forsendur, en ekki þarf mikið að bera út af í forsendum til að áætlanir gangi ekki eftir. Horft er til þjóðhagsspár Hagstofu Íslands við gerð áætlunar en einnig horft til nýlegra verðbólguþáa markaðsaðila.

Samkvæmt **þjóðhagsspá** Hagstofu Íslands sem gefin var út í júní 2024 var áætlað að **verðbólga** ársins 2024 verði um 6,0% og að verðbólga ársins 2025 verði 3,9%. Áætlað er að launabreytingar á árinu 2024 verði 6,6% að jafnaði og 5,7% á árinu 2025. Reiknað er með að atvinnuleysi aukist úr 4,2% á árinu 2024 í 4,3% á árinu 2025. Endurskoðuð þjóðhagsá var svo gefin út í byrjun nóvember 2024 og gefur hún ekki tilefni til að endurskoða forsendur.

ÚTSVAR

Á myndinni hér mynd til hliðar má sjá þróun útsvarstekna síðastliðin ár og hún borin saman við áætlun hvers árs. Útsvarsprósantan fyrir árið 2025 verður óbreytt frá 2024 eða 14,93%, en henni var breytt eftir í lok árs 2023 eftir að framlög til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra voru hækkuð í gengum útsvarsstofninn.

Þegar útsvarstekjur næsta árs eru áætlaðar er fyrst unnin útkomuspá fyrir líðandi ár sem myndar grunn að útsvarstekjum næsta árs. Við það mat er tekið tillit til spár um fjölgun íbúa í bænum, þróun á vinnumarkaði og launapróunar.


Sé litið til íbúafjölgunar undanfarinna ára í töflum Hagstofu, þá fjölgaði bæjarbúum um 545 á árinu 2021 eða 1,46% (frá 1/1/2021 – 1/1/2022) sem myndi teljast fremur lítil fjölgun í sögulegu samhengi. Á árinu 2022 fjölgaði um 699 eða 1,84% og 2023 fjölgaði um 566 eða 1,46%. Í sögulegu samhengi hefur íbúafjölgun frekar legið um eða yfir 2%.

Við mat á fólksfjölgun í bænum til næstu ára er stuðst við fólksfjöldaspá úr húsnæðisáætlun bæjarins, en þar eru settar fram þrennskonar mannfjöldaspár, háspá, miðspá og lágsþá. Við mat á fjölgun íbúa á árunum 2025 – 2028 er stuðst við miðspána. Í húsnæðisáætlun koma m.a. fram upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúða fram í tímann og þar sem allar íbúðir sem koma til sölu í Kópavogi seljast strax má ætla að spá um fólksfjölgun þessara ára sé byggð á raunhæfum forsendum.

Við vinnslu fjárhagsáætlunar 2024 var gert ráð fyrir 2% fjölgun í bænum og að um næstu áramót (31/12/2024) yrðu íbúar Kópavogs 40.046 samkvæmt tölum Hagstofu og hafi fjölgað um 785. Við mat á heildarfjölda íbúa er hins vegar smá vandi á höndum þar sem gögn frá Hagstofu annarsvegar og þjóðskrá hinsvegar stangast á. Samkvæmt gögnum Þjóðskrár var „óleiðréttur“ íbúafjöldi í

MISMUNUR ÁLAGNINGAR OG ÁÆTLUNAR

■ Árs-reikningur ■ Áætlun



októberlok 2024 kominn í 41.284 en sama tala fyrir 1. desember 2023 var 40.570, þannig má ætla við samanburð á þeirra tölum að áætluð fjölgun náist, en það er fjölgunin sem skiptir máli í þessum útreikningum. Við gerð áætlunar 2025 er gert ráð fyrir að **íbúum í bænum** muni fjölga um 2,0%.

Atvinnuleysi hefur lækkað verulega frá því Covid faraldurinn stóð sem hæst. Í þjóðhagspá kemur fram að vinnumarkaður verði í þokkalegu jafnvægi og hliðstæðar upplýsingar má lesa úr mánaðarskýrslum Vinnumálastofnunar. Þjóðhagspá gerir ráð fyrir að hlutfallslegt atvinnuleysi hafi verið 3,4% á árinu 2023 en verði 4,2% á árinu 2024. Fari í 4,3% á árinu 2025 en svo hægt lækkanði í 4,0% á næstu árum þar á eftir. Samkvæmt spá fjármálasviðs er reiknað með að þeim fjölgi sem teljast til vinnuafldsins vegna fjölgunar íbúa, en að hlutfall starfandi af vinnuaflinu lækki aðeins. Þrátt fyrir það og þrátt fyrir hækkun atvinnuleysis samkvæmt þjóðhagspá er gert ráð fyrir fjölgun starfandi í Kópavogsbæ.

Gengið hefur verið frá fjölda **kjarasamninga** á almenna markaðnum, en fjöldi samninga við sérfræðinga og opinbera starfsmenn eru enn lausir í október 2024. Við mat á hækkun tekna vegna launabreytinga er notast við forsendur þjóðhagspár um þróun launa.

Almennt gildir, að hækkun launa hefur áhrif á bæði útgjöld og tekjur bæjarins, en útsvarstekjur hækka með hærri launatekjum íbúanna. Útreikningar sem fjármálasvið bæjarins gerði fyrir nokkrum árum sýndu að ef launahækkanir hjá starfsmönnum bæjarins fylgja almennum hækkunum, þá fjármagna hækkanir á almenna markaðinum hækkanir hjá starfsmönnum bæjarins. Á síðustu árum hafa hins vegar laun almennt hækkað hlutfallslega meira hjá sveitarfélögum en á almennum markaði.

Að teknu tilliti til ofangreindra forsendna er áætlað að staðgreiddar **útsvarstekjur** ársins 2025 muni nema um 36,7 milljörðum króna, sem jafngildir um 8% hækkun frá frá útkomuspá ársins en vænt útkoma ársins 2023 er um 34 milljarðar króna.

FASTEIGNAGJÖLD

Áætlað er að fasteignagjöld skili bæjarsjóði samtals tekjum sem nemi tæpum 9,6 milljörðum króna þegar horft er fram hjá verðbreytingum á sorphirðugjöldum. Þá er reiknað með að hækkun fasteignagjalda á meðal íbúðareign í bænum verði óveruleg þar sem fasteignamat íbúðarhúsnæðis í bænum breytist mjög lítið á milli ára. Nánari upplýsingar um einstaka liði er að finna í umfjöllun hér fyrir neðan.

FASTEIGNASKATTUR

Á árinu 2025 verða álagningarhlutföll fasteignaskatta ennþá lækkuð og er það framhald af skattalækkunarferli sem hófst 2013.



Á árinu 2025 er gert ráð fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði lækki úr 0,165% í 0,162% og á atvinnuhúsnæði úr 1,42% í 1,40%.

SORPHIRÐUGJALD

Sorphirðugjöld eiga að standa undir beinum kostnaði við sorphirðu og sorpeyðingu og er þannig beintengt við kostnað fyrir þessa þjónustu.

Verulegar breytingar var farið að innleiða á sorpflokkun og sorphirðu á árinu 2023 og sorpflokkun á landinu öllu samræmd samkvæmt nýjum lögum. Sorp er nú flokkað í fernt: plast, pappa, lífrænt og annað, en áður var sorp hjá Kópavogsbæ flokkað í annars vegar plast og pappa og hins vegar annað. Sorphirðing á plasti og pappa stóð undir sér hjá Kópavogsbæ, þ.e. úrgangurinn var seldur og stóð undir kostnaði við hirðingu og því var sorphirðugjald í raun aðeins vegna hirðingar á óflokkuðu sorpi. Þessar breytingar höfðu töluverðan kostnaðarauka í för með sér, bæði í endurnýjun á sortunnum og einnig gerðu áætlanir ráð fyrir allnokkurri hækkun í hækkun á sorphirðu og -eyðingu. Samkvæmt áætlun 2024 er endurnýjun á sortunnum afskrifuð á 14 árum. Þessi hækkun á kostnaði við sorphirðu kallaði á verulega hækkun á sorphirðugjöldum hjá bænum á árinu 2024.

Á árinu 2024 var boðin út sorphirða í bænum þar sem eldri samningar voru að renna út. Niðurstaða þessa útboðs varð mun lægri en væntingar stóðu til, þannig að kostnaðaraukinn varð minni en áætlað var. Gjaldskrá fyrir sorp er hins vegar orðin mun flóknari þar sem farið er að innheimta gjald eftir rúmmáli sorpílata og að misjafnt getur verið hve margar íbúðir standa að baki hverju íláti. Í almennum sérþýli með hefðbundna tunnusamsetningu, þá er kostnaður við sorphirðu ekki að hækka mikið. Fyrir stór fjölbýlishús þar sem margar íbúðir standa að baki sorpílátum má reikna með að kostnaður á íbúð við sorphirðu lækki.

VATNSSKATTUR

Vatnsskattur er óbreyttur á milli ára eða 0,058% af fasteignamati. Aukavatnsgjald hækkar í samræmi við áætlaða breytingu á vísitölu neysluverðs eða um 3,9%.

HOLRÆSAGJALD

Holræsagjald lækkar á milli ára úr 0,059% í 0,058% af fasteignamati og nær þessi lækkun bæði til íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Rotþróargjald fyrir íbúðarhúsnæði að Vatnsenda hækkar í samræmi við áætlaða breytingu á vísitölu neysluverðs eða um 3,9%.

LÓÐARLEIGA

Lóðarleiga á einingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis hækkar lítillega á milli ára, enda verið óbreytt um nokkurra ára skeið. Fyrir íbúðarhúsnæði verður leigan 23,62 kr./m² og lóðarleiga atvinnuhúsnæðis 185,40 kr./m².

AFSLÁTTUR TIL ELLI- OG ÖRORKULÍFEYRISÞEGA

Tekjumörk vegna afsláttar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega hækka um 6,6% milli ára, en það tekur mið af hækkun á launavísitölu frá janúar 2023 til janúar 2024 og breytingu á fjárhæðum lífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun.

JÖFNUNARSJÓÐUR

Sá hluti af áætlunum Jöfnunarsjóðs sem hafðu borist í lok október 2024 eru færðar inn í fjárhagsáætlun, annað sem ekki hafa borist upplýsingar um hefur verið áætlað með tilliti til stöðunnar í lok september 2024 auk áætlaðra viðbóta sem vænta má vegna aukinnar þjónustu við fatlaða.

GJALDSKRÁR OG KOSTNAÐARVERÐSBREYTINGAR

GJALDSKRÁR


Bæjarstjórn samþykkti í júlí 2023 að breyta verklagi og viðmiðum við gjaldskrárbreytingar með það að markmiði að fanga betur kostnaðarverðsbreytingar í rekstri. Breytingar á flestum gjaldskrárm taka því nú mið af uppreiknaðri vísitölu skv. vísitölum Hagstofu Íslands í hlutfalli við vægi einstakra kostnaðarliða í rekstri. Breytt verklag leiðir til þess að gjaldskrár eru endurskoðaðar að jafnaði 2-4 sinnum á ári.


KOSTNAÐARVERÐSHÆKKANIR

Almennt er gert ráð fyrir að einingaverð að baki rekstrarkostnaði breytist í samræmi við áætlaða hækkun á vísitölu neysluverðs. Sumsstaðar þarf að taka tilliti til aukinna innkaupa eða aukins kostnaðar vegna utanaðkomandi breytinga og er leitast við að taka tillit til þess eftir því sem þurfa þykir.

LAUNAÁÆTLUN

Við gerð launaáætlunar er gert ráð fyrir kjarasamningsbundnum launabreytingum. Ef samningar eru lausir er gert ráð fyrir launahækkunum í samræmi við þá kjarasamninga sem þegar hafa verið gerðir.





LYKILTÖLUR¹

Ekki er um miklar sveiflur að ræða í rekstri þegar lykiltölur eru bornar saman á milli ára. Laun og launatengd gjöld í hlutfalli við rekstrartekjur hafa verið ríflega 50% undanfarin ár. Á árinu í ár var áætlað að um 50,6% af rekstrartekjum bæjarins færu í laun og tengd gjöld starfsmanna. Á árinu 2025 er áætlað að þetta hlutfall hækki örlítið, eða í 51,3%.



Starfsmannakostnaður hjá bænum hefur farið hækkanandi jafnt og þétt. Áætlað er að launakostnaður aukist nú um 2.639 m.kr. á milli ára, eða sem nemur um 9,6% hækkun að nafnvirði.




Annar rekstrarkostnaður sem hlutfall af rekstrartekjum lækkar lítillega á milli ára, en um 37,6% af heildartekjum samstæðu fer til að greiða annan rekstrarkostnað.



Skuldir án lífeyrisskuldbindinga á hvern íbúa hafa hækkað lítillega undanfarin ár meðal annars vegna framkvæmda á vegum bæjarins og aukinnar verðbólga, en samkvæmt áætlun 2025 er þetta aðeins að snúast við. Rétt er að hafa í huga að þetta eru fjárhæðir á verðlagi hvers árs.

Veltufé frá rekstri á hvern íbúa á verðlagi hvers árs lækkar aðeins frá fyrra ári og nemur skv. áætlun 2025 124 þús.kr.



Útsvarstekjur á hvern íbúa hafa farið vaxandi á milli ára og skv. framlagðri áætlun má gera ráð fyrir að þær verði 898 þús.kr. á íbúa á næsta ári. Hækkunina má helst rekja til þess að vænst er samkvæmt þjóðhagspá, að verði vinnumarkaðurinn áfram sterkur á árinu 2025 og þeim sem eru starfandi fjölgi vegna íbúafjölgunar. Gert ráð fyrir að laun samkvæmt kjarasamningum hækki að jafnaði um 5,7% á milli ára sem gefur meiri hækkun á milli ársmeðaltala. Einnig eru framlög Jöfnunarsjóðs að hækka samkvæmt þeim áætlunum sem borist hafa frá þeim sem.



ÁHERSLUR OG VIÐBÆTUR Á EINSTÖKUM SVIÐUM

VELFERÐARSVIÐ

Aðrir liðir í fjárhagsáætlun en þeir sem hér eru nefndir, hafa ekki tekið neinum umtalsverðum breytingum og eru sambærilegir við síðastliðið ár.

ÁRANGURSRÍKUR STUÐNINGUR VIÐ ÍBÚA

Lögð verður áhersla á að samstarf í kringum börn og fjölskyldur sé í skýrum farvegi og að barnið sé hjartað í kerfinu með áframhaldandi þátttöku í innleiðingu farsældarlaga. Velferðarsvið heldur áfram þátttöku í innleiðingarteymi farsældar og innleiðing nýrra vinnubragða bæði í barna- og fjölskylduteymi og barnaverndarþjónustu.

Halda áfram vinnu við að útfæra og innleiða nýtt skipulag á starfsemi velferðarsviðs með það að markmiði að skipulagsheildin geti mætt sívaxandi þörf fyrir sérhæfingu samhliða samstilltri og skilvirkri þjónustu með áframhaldandi mótun Miðjunnar samræmdrar stuðnings- og stoðþjónustu. Stefnt er á að

endurskoðun allra þjónustubátta sem heyra undir Miðjuna verði lokið fyrir árslok 2025. Sett verði á laggirnar miðlæg úthlutunarnefnd sem er ætlað að tryggja betri yfirsýn með forgangsriðun þjónustu og fjármuna.

Auka þjónustu við einstaklinga sem eru heimilislausir með flóknar þjónustuparfir með áframhaldandi samtali og samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu þar sem sérstaklega verði skoðað að koma á samráðsvettvangi þeirra sem koma sameiginlega að eflingu á þjónustu á dagtíma. Unnið verði að frekari stefnumótun í málaflokknum og áhersla lögð á fræðslu til starfsfólks til þess að efla þekkingu á þjónustu til einstaklinga sem eru heimilislausir með flóknar þjónustuparfir.

Áfram verður unnið að þróun stafrænna lausna og innleiðingu velferðartæknilausna innan velferðarsviðs með sérstaka áherslu á stuðnings- og stoðþjónustu.

GÓÐ ALMENN FÉLAGSPJÓNUSTA

Bæta þjónustu til þolenda heimilisofbeldis með innleiðingu bættra verkferla í málum er varða heimilisofbeldi þvert á skrifstofur sviðsins auk þess sem heimilisofbeldisteymi verður endurvirkjað. Hafist verður handa við að innleiða skimun með markvissum hætti svo unnt sé að bregðast við og mæta þörfum þolenda heimilisofbeldis fyrr og betur. Verklýsingar og verkferlar í almennri félagslegri ráðgjöf verða uppfærðir og endurnýjaðir.

Ný skrifstofa félagslegs leiguhúsnæðis tók til starfa á árinu 2023 í kjölfar breytinga á skipuriti velferðarsviðs. Unnið verður að áframhaldandi innleiðingu og uppbyggingu nýrrar fagskrifstofu með það að markmiði að efla og bæta gæði þjónustunnar. Innleiðing á uppfærðum reglum um félagslegt leiguhúsnæði auk eflingu samstarfs við umhverfissviðs og fjármálasvið er varðar eftirlit með eignum og mat á uppbyggingarþörf.

GÓÐ PJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK OG FJÖLSKYLDUR ÞEIRRA

Miðjan samræmd stuðnings- og stoðþjónusta tók til starfa á árinu 2023 í kjölfar breytinga á skipuriti velferðarsviðs. Unnið verður að áframhaldandi mótun á vinnulagi og fyrirkomulagi þjónustunnar.

Haldið verður áfram með undirbúning að stofnun skammtímadvalar fyrir fötluð börn með það að markmiði að fækka börnum á biðlista eftir skammtímadvöl. Vinnuhópur mun vinna áfram að greiningu á húsnæðiskosti í samstarfi við umhverfissvið.

Settur verður á laggirnar vinnuhópur með aðkomu kjörinna fulltrúa og starfsmanna sem hefur það hlutverk að endurskoða húsnæðisáætlun í málaflokki fatlaðra m.a. í ljósi lagabreytinga frá árinu 2018.

Á árinu verður mótuð áætlun um niðurlagningu herbergjasambýlis að Kópavogsbraut 5a en skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að móta sér áætlanir um niðurlagningu herbergjasambýla. Settur verður á laggirnar vinnuhópur sem undirbýr opnun nýs íbúðakjarna að Kleifakór sem er áætlað að rísi vorið 2025 og undirbúi flutning íbúa frá Kópavogsbraut 5a í nýjan íbúðakjarna.

Mæta betur þörfum fatlaðs fólks fyrir viðeigandi húsnæði með endurskoðun á fyrirkomulagi umsókna og úthlutunar íbúða fyrir fatlað fólk bæði í íbúðakjörnum og félagslegu leiguhúsnæði.

Auka gæði og fjölbreytni í þjónustu í vinnu og virkni með endurskoðun húsnæðismála og skipulags starfseminnar fyrir árslok 2025.

GÓÐ ÞJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐA OG AÐSTANDENDUR ÞEIRRA

Gerður verður samstarfssamningur við Félag eldri borgara í Kópavogi þar sem boðið verður uppá helgaropnun í félagsmiðstöðvum eldra fólks með það að markmiði að draga úr einmannaleika eldra fólks og félagslegri einangrun með hliðsjón af góðri reynslu af tilraunaverkefni ársins 2024. Skipaður verði stýrihópur fulltrúa FEBK og velferðarsviðs sem skipuleggja í sameiningu og hafa samráð um fyrirkomulag og framkvæmd helgaropnana.

BARNAVERND

Gerður verði samstarfssamningur við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Sýslumannsembættis á höfuðborgarsvæðinu og Kópavogsbæjar í þeim tilgangi að efla samstarf vegna barna í viðkvæmri stöðu með reglulegu og skipulögðu samráði.

Skipuleggja í samstarfi við Miðjuna framkvæmd stuðnings sem miðar að því að ráða í tímabundið stöðugildi í stað tímavinnu starfsfólk með fagmenntun til að veita foreldrum tilsjón og aðstoð við að sinna forsjár- og uppeldisskyldum sínum.

Halda áfram undirbúningi að stofnun sameiginlegs vistheimilis Barnaverndar í samstarfi við Hafnarfjörð og vinna kostnaðarmats og húsnæðismöguleika, fyrir viðeigandi nefndir og ráð hjá sveitarfélögunum þannig að hægt sé að taka ákvarðanir um mögulegar útfærslur við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2026.

MENNTASVIÐ

Fjárhagsáætlun tekur almennt mið af fyrirbyggjandi úthlutunarreglum vegna stöðugilda, yfirvinnutíma, álags sem og annarra þátta. Breytingar geta verið misjafnlega miklar milli skóla og stofnana eftir því hvernig aðstæður breytast á hverjum stað fyrir sig.

HELSTU BREYTINGAR FRÁ ÁÆTLUN ÁRSINS 2024

Hér að neðan er yfirlit yfir þær tillögur um breytingar á fjárhagsáætlun menntasviðs sem lagðar eru til fyrir fjárhagsárið 2025.

Skólahljómsveit Kópavogs

HELSTU BREYTINGAR FRÁ ÁÆTLUN ÁRSINS 2024

Hér að neðan er yfirlit yfir þær tillögur um breytingar á fjárhagsáætlun menntasviðs sem lagðar eru til fyrir fjárhagsárið 2025.

Skólahljómsveit Kópavogs

Skólahljómsveit Kópavogs samanstendur af þremur sveitum eftir aldri barna, A, B og C sveit. Utan reglulegra æfinga eru fjölmargir viðburðir/tónleikar sem sveitirnar mæta á allt árið auk æfingaferða um helgar og erlendis annað hvert ár. Skólastjóri skólahljómsveitar hefur bæði gegnt starfi skólastjóra og hljómsveitarstjóra. Mikilvægt er að aðskilja þessi hlutverk og að stofnuð verði staða hljómsveitarstjóra sem hefur umsjón með stjórnun hljómsveitanna með öllu sem því fylgir. Því er gert ráð fyrir að taka tillit til aðskilnaðar þessara starfa og auka framlög til skólans um sem nemur 1,35 stöðugildi frá hausti 2025. Áætlaður kostnaður **5 m.kr.** á árinu 2025

Í samræmi við aðgerðaráætlun menntastefnu hefur verið unnið að áætlun um samfellu í tónlistaruppeldi í leik- og grunnskólum, í samvinnu við tónmenntakennara í leik- og grunnskólum. Ofangreindar breytingar á skipulagi Skólahljómsveitar eru einn liður í að styrkja tónlistarnám.

Grunnskólar

Nemendum með annan menningar og tungumálabakgrunn (ÍSAT) heldur áfram að fjölga og hlutfall nemenda sem eru nýkomnir til landsins hefur einnig hækkað og þjónustubörf

Því aukist. Lagt er til að samþykkt verði fjölgun kennslustunda til íslenskukennslu til þess að koma til móts við fjölgun barna og aukningu í þjónustubörf. Menntasvið mun jafnframt áfram leita nýrra leiða til þess að mæta breyttum þörfum skólastarfs og skoða möguleika sem geta falist í innleiðingu nýrrar tækni í námi og kennslu. Áætluð hækkun í fjárhagsáætlun 2025 er **15 m.kr.**

Unnið er að gerð nýrrar stefnu um lestur og læsi í leik- og grunnskólum. Sem liður í þeirri stefnu er gert ráð fyrir að efla bókasöfn grunnskóla með því að veita sérstöku fjármagni til bókakaupa. Áætluð hækkun í fjárhagsáætlun 2025 er **3 m.kr.**

Frístundaklúbburinn Hrafninn

Frístundaklúbburinn Hrafninn sinnir frístundastarfi fyrir fötluð börn í 5.-10.bekk. Starfsemin hefur vaxið hratt undanfarin ár, þar sem börnum hefur fjölgað úr innan við 15 í um 30 og samhliða hefur aukist umfang skipulags og teymisfunda vegna hvers barns. Börn í Hrafninum hafa það sérhæfðar þarfir að í kringum hvert og eitt þeirra hafa verið skipuð teymi til að halda utan um þjónustu við barnið. Forstöðumaður Hrafnins situr alla teymisfundi vegna barna sem þar dvelja. Með fjölgun barna hefur teymisfundum sem forstöðumaður situr því fjölgað verulega þannig að viðvera forstöðumanns með börnum í Hrafninum er minni. Vegna aukins umfangs er því gert ráð fyrir að staða aðstoðarforstöðumanns hækki úr 80% í 100%. Áætluð hækkun í fjárhagsáætlun 2025 er um **1,9 m.kr.**

Frístundaklúbburinn Hrafninn hefur haldið utan um sumarfrístund fyrir fötluð börn í 1.-4.bekk. Vegna fjölgunar barna er komið að þolmörkum í húsnæði Hrafnins. Lagt er til að í samstarfi við Álfhólsskóla verði boðið upp á sumarfrístund fyrir fötluð börn í Álfhólsskóla frá næsta sumri (2025). Stöðugildi vegna stuðnings við börn færast úr Hrafninum en gera þarf ráð fyrir forstöðumanni yfir opnunartíma sumarfrístundar. (2,75 stg. yfir sumartímann júní, júlí, ágúst - 0,23 stg., að meðaltali á 12 mán. tímabili). Áætluð hækkun í fjárhagsáætlun 2025 er um **2,5 m.kr.**

Frístundaklúbburinn Hrafninn hefur stuðst við gjaldskrá þar sem innheimt er fyrir hverja stund, ólíkt öðrum frístundum sem miða við gjaldskrá sem samsett er úr nokkrum þrepum gjaldflokka eftir fjölda dvalarstunda. Gert er ráð fyrir að Hrafninn taki upp sömu gjaldskrá og aðrar frístundir á nýju

ári og að innheimta fari í gegnum Völu eins og er í öðrum frístundum.

Gjaldskrár og framlög

Gjaldskrár fylgja almennt þróun á viðmiðunarvísitölum sbr. samþykkt bæjarstjórnar 2023.

Frístundastyrkir.

Gert er ráð fyrir að frístundastyrkir hækki um 5 þúsund krónur fyrir árið 2025, eða úr 59 þús.kr. í 64. þús.kr. fyrir 6-18 ára og úr 85 þús.kr. í 90 þús.kr. fyrir börn sem verða 5 ára á árinu 2025.

Heimgreiðslur

Gert er ráð fyrir að heimgreiðslur hækki frá 1. janúar 2025 úr 107.176 kr. í 111.356 kr. á mánuði. Heimgreiðslur greiðast eftirá og kemur hækkun því fram í greiðslum 1.febrúar 2025 vegna janúar. Gert ráð fyrir lækkun á þessum lið um 5 m kr. þar sem fleiri börn komust inn í leikskóla og færri eru í árgangi.

Framlög til dagforeldra

Gert er ráð fyrir að framlög til dagforeldra hækki um 5,1% frá 1.janúar 2025. Hér er gert ráð fyrir lækkun um 28 m.kr. vegna fækkunar barna.

Breytingar á deildum menntasviðs

Á skrifstofu menntasviðs verður breyting frá áramótum þar sem starfsmenn og verkefni færast milli deilda og deild 04014 Skrifstofa sviðstjóra er tekin í notkun (sbr. skipurit). Með breytingunni færast stöðugildi af 04015 Rekstrardeild yfir á 04014 Skrifstofa sviðstjóra.

Á sama tíma verður lögð af notkun á deild 04598 Tröð og færast 3 stg. þar með yfir á grunnskóladeild. Starfsemi hefur ekki verið í húsnæði Traðar undanfarin misseri og hefur sú þjónusta verið færð inn í skólana til aukins stuðnings og ráðgjafar við kennara og börn og heyrir nú beint undir grunnskóladeild.

Starfsemi á deild 06294 Tómsundastarf fatlaðra (Höfuðborgin) mun frá 1.janúar 2025 heyra undir Velferðarsvið.

Hálft stöðugildi á íþróttadeild hefur verið lagt niður og tekið út úr fjárhagsáætlun 2025 og lækkar það kostnað um u.þ.b. 8 m.kr. Stöðugildið fluttist til íþróttadeildar þegar SÍK, samráðsvettvangur íþróttafélaga, var lagt niður.

Starfsumhverfi leikskóla - Samantekt breytinga sem komu til framkvæmda á árinu 2024

Tillögur starfshóps um skipulag og starfsumhverfi leikskóla voru samþykktar í bæjarstjórn sumarið 2023. Tillögurnar tóku að hluta til gildi frá 1. september 2023 en var að öðru leyti vísað til fjárhagsáætlunar 2024 þar sem gert var ráð fyrir að fjárhagslegt svigrúm sem breytingarnar skapa verði notað til þess að styrkja starfsumhverfi leikskóla enn frekar. Eftirfarandi tillögur starfshóps koma því til framkvæmda frá hausti 2024 og er því gert ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun 2025. Kostnaður vegna þeirra er innan fjárhagsáætlunar 2024 og þess svigrúms sem að framan greinir. Áætlun vegna þess var lögð til hliðar í fjárhagsáætlun 2024 og ráðstafast frá hausti 2024 með eftirfarandi hætti:

- Viðmið um grunnmönnun (barngildi) 4-5 ára barna hækka úr 1,0 í 1,1 haustið 2024.
- Stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólalastjóra hækkar í samræmi við töflu hér að neðan. Taflan sýnir samtölu stjórnunarhlutfalls leikskólalastjóra og aðstoðarleikskólalastjóra.

Frá:	Til:	Stj.	Stj.	
Fjöldi barna	Fjöldi barna	(Lskst. + aðst.stj.	(Lskst. + aðst.stj.	Hækkun hlutfalls
54	73	1,15	1,4	0,25
74	93	1,3	1,5	0,2
94	118	1,4	1,6	0,2
119	150	1,5	1,7	0,2

UMHVERFISSVIÐ

FRAMKVÆMDIR

Ráðist verður í miklar framkvæmdir á vegum Kópavogsbæjar á næsta ári þar sem framkvæmt verður fyrir um 6,5 milljarða

króna. Að neðan er að finna upptalningu á umfangsmestu framkvæmdunum sem eru fjármagnaðar úr eignasjóði (fyrir 100 m.kr. og hærra)

SKÓLAR OG LEIKSKÓLAR

Nýr Kársnesskóli við Skólagerði er í byggingu auk þess sem nýr leikskóli mun rísa samhliða. Skólastarf mun hefjast haustið 2025. Í áætlun 2025 verður 800 milljónum króna varið í byggingu skólans og leikskólans. Framkvæmdir munu hefjast á nýbyggingu leikskóla við Skólatröð, áætlað fjármagn er um 350 milljónir króna á árinu 2024 en áætluð verklok eru vorið 2026. Á næstu þremur árum er áætlað að verja um 1,84 milljörðum króna í nýbyggingu leikskóla. Hafinn verður undirbúningur á nýjum leikskóla við Naustavör og leik-og grunnskóla í nýju hverfi við Vatnsendahvarf. Þá verða skóla- og leikskólalóðir endurnýjaðar samkvæmt áætlun.

ÍÞRÓTTAMANNVIRKI

Undirbúningi fyrir byggingu aðalvallar HK verður haldið áfram og stefnt að því að hefja framkvæmdir á árinu 2025. Þá verður gervigras og tartan í Knatthúsi Fífunnar endurnýjað. Auk þess verður hefðbundnu viðhaldi sinnt eins og kostur er á öðrum íþróttamannvirkjum bæjarins.

AÐRAR EIGNIR

Á áætlun ársins 2025 er gert ráð fyrir 250 milljónum króna í kaup á félagslegu húsnæði en þessir fjármunir eru hugsaðir sem 12% framlag á móti 18% framlagi frá ríkinu. Varið verður 150 milljónum króna að klára framkvæmd búsetuúrræði við Kleifakór með sjö íbúðum auk þjónustu vegna samnings bæjarins við velferðarráðuneytið vegna Kópavogsbrautar 5a.

Stækkun hjúkrunarheimilisins Boðarþing heldur áfram og ráðgert fjármagn er 170 milljónir króna á árinu 2025. Bætt verður við 64 hjúkrunarrýmum og byggingin verður alls 4400 m² að stærð. Áætluð verklok eru 2025 en framkvæmdin er samkvæmt samningi við ríkið sem greiðir 85% af kostnaði á móti 15% framlagi Kópavogsbæjar. Gert er ráð fyrir að verja rúmum milljarði króna í viðhald fasteigna og lóða hjá eignasjóði þar sem áhersla verður lögð á fyrirbyggjandi viðhald með umhverfisvænum lausnum. Áætlaðar eru um 350 milljónir til viðhalds og endurbóta félagslegra íbúða. Einnig verður unnið markvisst að bæta loftgæði í stofnunum

bæjarins. Fjármagn til viðhalds verður aukið um 50 milljónir (aук vísitöluhækkana).

BETRA UMHVERFI OG UMFERÐARÖRYGGI

Um 2,4 milljörðum króna verður varið í gatnagerð, veitur og skipulagsmál á næsta ári. Samhliða fjölgun íbúða í sveitafélaginu verður umtalsverðum fjármunum varið í gatnagerð í nýjum og eldri hverfum bæjarins. Gatnagerð í nýju hverfi að Vatnsendahvarfi er hafin og verður varið um 800 milljónum króna í framkvæmdina á árinu. Um 317 milljónum króna verður varið í Samgöngusáttmálann. Framkvæmd að síðasta áfanga Vatnsendavegar hefst árinu og lýkur árið 2026 þegar Arnarnesvegur verður tekinn í notkun. Nýr vatnstankur við Heimsenda verður tilbúinn á árinu en áætlun ársins er 175 milljónir fyrir framkvæmdina. Þá verður 140 milljónum króna varið í fræsingu og heilyfirlögn gatna og 160 milljónir nýttar í viðhald og minni malbiksviðgerðir á öllum götutegundum í öllum hverfum bæjarins. Þá verður haldið áfram útskiptingu í umhverfisvænni lampa við götulýsingu.

STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Á málaflokk 21 sameiginlegan kostnað er annars vegar færður kostnaður stjórnsýslusviðs og fjármálasviðs og hins vegar ýmis sameiginlegur kostnaður sem bærinn hefur lítil áhrif á. Sem dæmi má nefna liði eins og kosningar, bæjarráð, bæjarstjórn, áfallið orlof, en slík orlofsskuldbinding tengist öllum starfsmönnum bæjarins og ýmislegt fleira.

Ábyrg stjórnsýsla

Stefnt er að því að allt starfsfólk stjórnsýslunnar tileinki sér **notkun gervigreindar** í störfum sínum fyrir árslok 2025. Til þess verður skipulögð fræðsla um gervigreind og notkun hennar í boði fyrir starfsfólk. Aðgangur starfsfólks að hugbúnaðarlausnum verður endurmetinn til að **tryggja örugga og réttmæta aðgangsstýringu**; í því samhengi verður hugbúnaðarlausn innleidd sem gerir stjórnendum mögulegt að yfirfara aðgang undirmanna sinna. Öryggi verður styrkt með því að **fækka öryggisveikleikum** í kerfum Kópavogsbæjar, meðal annars með reglulegum

netárásarprófum. Auk þess verður mikilvægt rekstraröryggi tryggt með því að færa mikilvæga innviði úr Salavegi í Turninn og vinna að ISO27001 vottun á vélasal Turnsins.

Mikilvægi mannauðs

Á árinu verður lögð áhersla á að **bæta yfirsýn stjórnenda** yfir laun og kjör starfsfólks. Hugbúnaðarlausn verður tekin í notkun til að gera launagreiningar auðveldari og nákvæmari. Jafnframt verður unnið að **innleiðingu nýs mannauðskerfis** sem mun bæta yfirsýn yfir stöðu og þróun mannauðs hjá Kópavogsbæ og styðja stjórnendur í mannauðsmálum.

Stafræn vegferð

Til að bæta þjónustu í **sundlaugum Kópavogs** verður innleitt sjálfsafgreiðslukerfi sem einfaldar miðakaup. Markmiðið er að auka hlutfall miðakaupa sem fer fram í sjálfsafgreiðslu, sem stuðlar að hraðari og þægilegri þjónustu fyrir gesti sundlauganna.

Nýsköpun í opinberri þjónustu

Til að auka skilvirkni, einfalda ferla og bæta meðferð opinberra fjármuna mun Kópavogsbær innleiða fjölbreyttar gervigreindarlausnir í starfsemi sína. Unnið er að því að efla spjallmennið Kópur þannig það geti verið íbúum innan handar. Jafnframt verða þjarkar teknir í notkun í mismunandi deildum þar sem þeim má beita til að bæta skilvirkni í daglegum verkferlum og tryggja betri nýtingu mannauðs og annarra auðlinda. Hluti þessarar innleiðingar er að gera Microsoft CoPilot að aðgengilegu verkfæri fyrir stjórnendur og starfsmenn stjórnsýslu sveitarfélagsins, sem stuðlar að hraðari og öruggari vinnubrögðum.

Fjölbreytt samfélag

Steinway flygill Salarins verður endurnýjaður. Núverandi Steinway flygill Salarins er 23 ára gamall, en æskilegt er að konsertflyglar séu ekki eldri en 10 ára. Með aðgerðinni eflist Salurinn enn frekar sem einn eftirsóttasti tónleikastaður landsins.

Hafinn verður undirbúningur við val á nýju útilistaverki sem Gerðarsafn mun leiða.

Áframhaldandi vinna fer fram við nýja sýningu Náttúrufræðistofu og viðhaldsframkvæmdir verða á fyrstu og annarri hæð bókasafnsins. Notkunarmöguleikar Salarins verða einnig auknir með breytingum í forsal.

Lögð verður áhersla á að efla fjölmennningarlega viðburði menningarhúsanna og viðburði fyrir eldri borgara og horft

til nýrra styrkjamöguleika í því sambandi. Samstarfi við Molann og Tónlistarskólann verður viðhaldið.

Útisvæðið við menningarhúsin verður bætt með gróðursetningu og leiktækjum auk þess sem mannlíf á Hálsatorgi og í Menningarmiðjunni verður eftt með fjölbreyttum viðburðum yfir sumartímann.

Stefnt er að því að auka fjölbreytni og aðgengi að menningarstarfsemi árið 2025. Meðal annars verður stofnaður verkefnahópur sem á að kortleggja ný rými fyrir menningarstarfsemi, bæði í opinberri- og einkaeigu.

Miðlun upplýsinga

Menningarstarfsemi bæjarins verður kynnt sérstaklega fyrir innlenda og erlenda ferðamenn til að laða fleiri gesti að Kópavogi og styðja við menningarstarfsemi á svæðinu. Með því að auka sýnileika menningarviðburða fæst aukin þátttaka í menningarstarfi bæjarins.

Einnig verður lögð aukin áhersla á bætta upplýsingamiðlun til starfsfólks Kópavogsbæjar til að efla samskipti, stuðla að gagnsæi og auka þátttöku starfsmanna í ákvarðanatöku. Með skýrari samskiptaleiðum og markvissari upplýsingaflæði fá starfsmenn betri yfirsýn yfir stefnumótun, verkefnaþróun og breytingar innan bæjarins, sem styrkir tengsl þeirra við stjórnsýsluna og eykur skilning á áhrifum starfa þeirra á heildarstarfseminni.

FJÁRMÁLASVIÐ

Mikil áhersla hefur verið lögð á öfluga **skýrslu- og upplýsingagjöf** með hagnýtingu tækninnar til að auka sjálfvirknivæðingu í verkefnum sviðsins. Búið er að flytja gögn úr bókhaldi, launakerfi og tímaskráningarkerfi í vörhús gagna sem er forsenda þess að unnt sé að útbúa powerBi skýrslur. Búið er að útbúa skýrslur um rekstarupplýsingar og vinnumagn og launakostnað, yfirlit yfir STOFN framkvæmdir og ýmsar starfsemisskýrslur s.s. um skil gagna til launadeildar og bókhalds. Á árinu 2025 verður áfram lögð áhersla á að **veita stjórnendum aðgang að skýrslum** fyrir sínar deildir / stofnanir og kenna þeim að nýta skýrslurnar. Samhliða verða stjórnendur hvattir til að koma með ábendingar um nýjar skýrslur sem myndi nýtast þeim í starfi.

Markvisst verður unnið að **breytingu á verklagi í bókhaldi og innheimtu**, við afstemmingar. Tvö áhersluatriði eru framundan, annarsvegar sterkara og markvissara utnumhald um innkaupakort bæjarins, en fjölgun þeirra á undanförunum árum hefur stórauð óparfa afstemmingarvinnu hjá bókhald. Hitt atriðið er að taka í gagnid nýja tækni við afstemmingar reikninga sem byggir á

róbótatækni og gervigreind. Þessi mál hafa verið skoðuð og eru jákvæðar væntingar til þessarar tækni.

Unnið hefur verið að því að þróa rafræna vinnuferla **fyrir endurgreiðslu útlagðs kostnaðar** en því líkur væntanlega á árinu 2025. Verkefnið er unnið í samvinnu við UT deild og verður prófað með stjórnendum annarra sviða.

Hafinn verður undirbúningur að innleiðingu nýs launakerfis.

Í innkaupadeild er verið að vinna að aukinni skilvirkni í innkaupum sem mun **auka hlutfall innkaupa við samningsaðila**. Verið er að skoða **innleiðingu á vefverslun** fyrir kaup á vörum og þjónustu samningsbirgja með tengingu við bókhald bæjarins. Þarfragreiningu er að mestu lokið en ekki unnt að kostnaðarmeta verkefnið endanlega á þessu stigi.

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Eftirfarandi forsendur eru notaðar við gerð áætlunar:

Undir vaxtatekjum og vöxtum af innheimtukröfum eru bókaðar allar vaxtatekjur sem Kópavogsbær fær. Langstærsti liðurinn er undir „vaxtatekjur ýmsar“ en það eru reiknaðar vaxta- og verðbótatekjur af fjárbindingu í eignum bæjarins, en þær gera um 3.190 milljónir kr. og lækka um 390 m.kr. á milli ára. Þessar fjárhæðir eru reiknaðar samkvæmt opinberum reglum og mynda grunn að innri leigu stofnana bæjarins. Við útreikninginn á innri lánum er miðað við sömu vexti og á fyrra ári og reiknað með að verðbólga verði 3,9%. Breyting tekna hér skilar í samsvarandi breytingu vaxta og verðbóta hjá þeim stofnunum sem verið er að fjármagna. Hluti af innri fjármögnun kemur svo frá Fráveitu og Vatnsveitu, en þar er að safnast upp krafa innan samstæðu sem á að koma á móti fyrirhuguðum framkvæmdum á næstu árum.

Undir Vaxta- og verðbótagjöld eru færð öll gjöld sem falla til vegna fjármögnunar bæjarins. Virk lán eru reiknuð eins og kjör þeirra segja til um og áætluð ný lántaka er hugsuð sem óverðtryggt lán með gjalddaga eftir árið 2028. Samkvæmt áætlun er reiknað með að aðalsjóður taki í lok árs 2025 að láni 4.000 m.kr. með vöxtum óverðtryggðra lána og með gjalddaga eftir árið 2028.

Varðandi aðrar vaxtatekjur, þá er reiknað með að vanskil verði svipuð og á árinu 2024 og að niðurfærsla eldri vaxtatekna verði óbreytt, því verði jafnvægi í inn- og útflæði á þessum lið.

HÚSNÆÐISNEFND KÓPAVOGS

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Húsnæðisnefnd Kópavogs (HNK) er gert ráð fyrir 3,9% hækkun húsaleigu milli áranna 2024 og 2025, enda er leigan verðleiðrétta leiguna mánaðalega.

Allnokkuð fé hefur verið sett í viðhaldsliði á undanförunum árum og miklar framkvæmdir hafa verið á vegum framkvæmdasjóða húsfélaga þar sem bærinn á íbúðir. Í þessari áætlun eru viðhaldsliðir látnir halda í við vænta verðbólgu samkvæmt sumarspá Hagstofu.

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að Húsnæðisnefnd taki 410 m.kr. að láni á móti framkvæmdum og uppgreiðslu lána, þ.á.m. innborgun á lán við aðalsjóð. Kjör þessa láns eru reiknuð með sama hætti og kjör á lánum aðalsjóðs.

Þar sem nú er farið að setja upp þrengri afkomuviðmið á rekstur A-hluta sveitarfélaga en verið hefur, þ.á.m. með því að reikna skuldahlutfall sem heildarskuldir A-hluta/heildartekjum A-hluta, þá er eðlilegt að flytja hluta af innri lánum B-hluta fyrirtækja þangað sem bein lán í stað þess að A-hlutinn sé að fjármagna þau.

HLUTDEILD Í FÉLÖGUM SEM BÆRINN BER REKSTRARLEGA ÁBYRGÐ Á

Á árinu 2021 var gerð breyting á 3. mgr. 20 gr. reglugerðar um bókhald, fjárhagsáætlunir og ársreikninga sveitarfélaga númer 1212/2015 þannig að inn í samantekin reikningsskil sveitarfélaga skuli taka „byggðasamlög, sameignarfélag, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, þ.e. sveitarfélag skal færa skal hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stærð eignarhluta“.

Áhrif hlutdeildarfélaganna má sjá í skjalinu Listi of þar undir málaflokki 59. Í þessari áætlun eru það Sorpa, Strætó og Slökkviliðið sem eru tekin með. Í rekstraryfirliti má sjá línu undir A-hluta sem heitir Hlutdeild minnihluta í afk. dótturfélaga og í rekstri og efnahag sýnir einn dálkurinn í A-hluta hlutdeild bæjarins í rekstri og efnahag þessara félaga.

Við vinnslu fjárhagsáætlunar 2025 bárust gögn seint og sum ónákvæm s.s. Heilbrigðiseftirlitið, sem ekki var hægt að nota, þannig að því var sleppt enda óverulegar fjárhæðir þar í gangi.

Áhrif hlutdeildarfélaganna eru þau að heildartekjur hækka um 4.226 m.kr., starfsmannakostnaður um 1.673 m.kr., annar rekstrarkostnaður um 2.237 m.kr., fjármagnsliðir um 67 m.kr. og afskriftir hækka um 166 m.kr. Heildarniðurstaða í rekstri hækkar því um tæpar 83 m.kr.

Á efnahagsreikningi hækka hlutdeildarfélagun fastafjármuni um 2.195 m.kr. og veltufjármuni um 531 m.kr. þannig að efnahagurinn hækkar um 2.726 m.kr. Á fjármögnunarhliðinni hækkar eigði fé um 1.155 m.kr., langtímaskuldir um 684 mn.kr. og skammtímaskuldir um 471 m.kr. Veltufé frá rekstri hlutdeildarféлага er 302 m.kr.